

Maí 2008

Handbók foreldraráðs og foreldrafélags Hofsstaðaskóla



Útgáfa 2.0

Almennt um samstarf heimila og skóla

Komið hefur fram í rannsóknum að samstarf foreldra og skóla hefur alltaf jákvæð áhrif á skólastarf. Aukinn áhugi skólans á námsgengi nemenda sinna auk stuðnings frá foreldrum skilar sér meðal annars í betri líðan nemenda sem og bættri námsframmistöðu¹. Það er því til mikils að vinna að efla samstarf heimilis og skóla.

Samskipti við skóla geta verið margvísleg en samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, samábyrgð og gagnkvæmu upplýsingaflæði. Eðlilegt er að samskiptin einkennist af ákveðinni verkaskiptingu þar sem samkomulag er um verkefni og skyldur foreldra, nemenda og kennara. Flóknari þættir eins og vald, traust og ábyrgð tengjast þessum samskiptum og koma meðal annars fram í því hvort foreldrum er treyst til að annast ákveðna þætti menntunar eða gefst kostur á að hafa áhrif á skólastarfið²

Rannsóknir á samskiptum heimila og skóla á öllum skólastigum hafa sýnt að hægt er að byggja upp samfélög sem láta sér annt um ungu kynslóðina, skólar geti virkjað nær alla foreldra til þátttöku og flest allir foreldrar, nemendur og kennarar telja að samvinna sé mikilvæg upp á stuðning við nemendur. Kannanir síðustu ára hafa sýnt að hægt er að bæta námsárangur nemenda með því að fá foreldra til að styðja við nám þeirra og þá skiptir ekki máli hvaða menntun, tekjur eða þjóðfélagslega stöðu foreldrarnir hafa.³

Samstarfið á fyrst og fremst að snúast um hvern einstakan nemanda, nám hans og velferð. Einnig þarf að leggja áherslu á samstarf innan hvers bekkjar því bekkjarandi skiptir nemendur miklu máli. Skólabragurinn skiptir einnig miklu máli upp á það hvernig skólastarfið gengur og byggist hann mjög mikið á góðu samstarfi foreldra og virkri þátttöku foreldra í skólastarfinu á margvíslegum sviðum.

Fræðimenn hafa bent á að hver skóli þurfi að móta samstarf sem henti umhverfi hans þannig að það mæti þörfum nemenda skólans, áhuga þeirra, getu og aldri. Þeir telja að samt séu til staðar á öllum skólastigum ákveðnir sameiginlegir þættir. Fræðikonan *Joyce L Epstein* (1995) telur að þessir sameiginlegu þættir séu sex talsins og að hver þeirra feli í sér margar ólíkar gerðir samskipta og viðfangsefna sem skólinn þarf að leysa til að ná að virkja alla foreldra. Hver þáttur hefur einnig mismunandi áhrif á nemendur, foreldra, kennara og andrúmsloft skóla. Flokkarnir eru samkvæm Epstein:

Uppeldi - Að skólinn fylgist með líkamlegum og andlegum þörfum nemenda, félagslegri hæfni, aga, sjálfsmati, öryggiskennd, sem og að barnið fái nærringaríkt fæði og nægan svefn. Skólinn hefur það hlutverk að fræða foreldra um þarfir barnanna og mikilvægt er að samstaða ríki milli skólans og foreldrahópsins um megingildi þessara atriða.

Samskipti - Felst í gagnkvæmri upplýsingamiðlun milli heimila og skóla. Skólinn þarf að huga að leiðum til þess að virkja alla foreldra til þátttöku á foreldrafundum og öðrum skólatengdum atburðum. Mikilvægt er að nýta fjölbreyttar aðferðir til að miðla upplýsingum og gæta þess að skilaboðin séu auðlesin og vönduð auk þess að koma á opnu tvíhliða samskiptaferli milli skóla og heimila. Gera þarf foreldrum kleift og hvetja þá til að miðla til skólans mikilvægum bakgrunnsupplýsingum um nemandann sem og upplýsingum um breyttar aðstæður nemenda eða áföll sem hann verður fyrir - t.d. andlát í fjölskyldunni. Mælt er með því að kennarar heimsæki heimili nemenda einstaka sinnum, t.d. við upphaf skólagöngu.

Sjálfböðastarf - Felst einkum í að fá foreldra til starfa sem sjálfböðaliða. Gera þarf sveigjanlega dagskrá fyrir sjálfböðaliða þannig að útvinningi foreldrar geti einnig tekið þátt. Foreldrar geta verið virkir á margvíslegan hátt, t.d. tekið þátt í bekkjarferðum,

skólaskemmtunum, aðstoðað inni í bekk, kynnt störf sín eða áhugamál og þannig miðlað af sinni sérfræðipækkingu og reynslu.

Heimavinna - Felst í að skipuleggja reglulega heimavinnu sem ræða á heima, samstillta fjölskyldutengda heimavinnu milli mismunandi kennara og fá foreldra og nemendur til að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum er tengjast breytingum á námsefni. Einnig á skólinn að fræða foreldra um mikilvægi heimanáms, aðferðir til að aðstoða börn sín við heimanám og námstækni.

Ákvarðanatöku - Að fá fulltrúa foreldra og nemenda til að vera þátttakendur í ákvarðanatöku og þjálfu foreldra í að miðla upplýsingum til annarra foreldra. Skólinn/foreldrafélagið getur boðið foreldrum upp á ýmis námskeið sem styrkja foreldra og örva til þess að taka þátt í starfi foreldrafélags eða foreldraráðs.

Samvinna við samfélagið - Mikilvægt er að tengja skólann ýmsum félag- og æskulýðssamtökum, stofnunum og fyrirtækjum í nærsamfélaginu. Nemendur þurfa að kynnast framboði á tómstundastarfi, þjónustustofnunum og fyrirtækjum meðal annars til að fá betri skilning á því samfélagi sem þeir búa í. Einnig þarf samfélagið að vera meðvitað um það starf sem á sér stað innan skólans því eins og máltæki segir: „Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“. Skólinn þarf þess utan að upplýsa fjölskyldur um námskeið og þjónustu sem eru í boði og geta nýst nemendum sem og foreldrum, ganga úr skugga um að allir hafi jafnan aðgang að þjónustu og samþætta barna- og fjölskylduþjónustu við menntun.

Epstein segir að flokkunarkerfi hennar minni fólk á að öll samskipti heimila og skóla hafa ekki þau áhrif að bæta námsárangur heldur séu sum samskipti líklegri til að bæta til dæmis viðhorf og hegðun nemenda. Ólík samskipti heimila og skóla hafa líka mismunandi áhrif á foreldra og kennara. Foreldrar geta til dæmis fengið þjálfun í ákvarðanatöku og einnig orðið öruggari uppalendur. Kennarar geta meðal annars öðlast meiri hæfni í að eiga samskipti við foreldra, geta átt auðveldara með að skilja fjölskyldur og aðstæður þeirra, nálgast heimavinnu á ólíkan hátt auk þess sem samskipti þeirra við fjölskyldur og samfélagið aukast. Þessar sex gerðir foreldrasamstarfs geta að mati Epstein verið leiðarljós við þróun foreldrasamstarfs. Útkoman fyrir nemendur, foreldra og kennara fer eftir því hvaða þættir eru teknir inn og hver gæði samstarfsins eru.

Reykjavík ágúst 2005,

Er það von mín að handbók þessi nýtist foreldraráðum, foreldrafélögum og skólustjórnendum við að skipuleggja og efla samstarf heimilis og skóla. Mikilvægt er að allir sem koma að skólasamfélaginu leggi sitt af mörkum þannig að öllum börnum líði vel í skólanum.

*Elín Thorarensen,
framkvæmdastjóri Heimilis og skóla.*

² Epstein, J.L. 1995. *School, Family and Community Partnerships. A Handbook for Action*. California. Corwin Press, Inc. ; Hickman o.fl. 1995. High school Parent Involvement: Relationship with Achievement, Grade level, SES, and Gender. *Journal of Research and Development in Education*, 28,3:125-134; Wang o.fl. 1990. What Influences Learning? A Content Analysis of Review Literature. *The Journal of Educational Research*, 84,1:30-43.

³ Bloom, B.S. 1986. The home environment and school learning. The Study Group on the National Assessment of Student Achievement. *The nation's report card*.

Sjá nánar um sex flokka foreldrasamstarfs á: <http://www.csos.jhu.edu/p2000/default.htm>

Inngangur

Handbók þessi er hugsuð til þess að auðvelda stjórnarmönnum foreldrafélags og foreldraráðs störfina og auka aðgengi foreldra, skólastjórnenda og fræðsluyfirvalda að upplýsingum um starfsemi þeirra. Hægt er að nálgast handbókina hjá foreldrafélagi, foreldraráði eða á heimasíðu skólans sem er www.hofsstadaskoli.is. Fyrirspurnir eða athugasemdir til foreldraráðs skulu sendar á netfangið foreldrarad@hofsstadaskoli.is og til stjórnar foreldrafélags Hofsstaðaskóla á netfangið foreldrafelag@hofsstadaskoli.is.

1.1 Markmið

- Að efla starf foreldraráðs og foreldrafélags
- Að auðvelda störf stjórnarfólks og tryggja samfellu í starfinu
- Gera starf foreldraráðs og foreldrafélags sýnilegra í skólasamfélaginu

1.2 Leiðir

Foreldraráð og foreldrafélag setja fram stefnumörkun sína í handbók sem þessari þar sem fram koma upplýsingar um starfshætti, skipulag, markmið og leiðir.

Markhópar: Foreldrar, foreldrasamtök, skólar, bæjaryfirvöld og fjölmiðlar



www.hofsstadaskoli.is

foreldrarad@hofsstadaskoli.is; foreldrafelag@hofsstadaskoli.is

Heimili og skóli – landssamtök foreldra eiga höfundarétt að þessari handbók.
Foreldraráð og foreldrafélög hafi leyfi til að nota hana og aðlaga að sínum þörfum.

Reykjavík 2006

Efnisyfirlit


Almennt um samstarf heimila og skóla.....	i
Inngangur	iii
1.1 Markmið.....	iii
1.2 Leiðir	iii
Efnisyfirlit	iv
2 Markmið og skipulag foreldrafélags.....	1
2.1 Almenn markmið.....	1
2.2 Almennt um stjórn.....	1
2.3 Lög foreldrafélags Hofsstaðaskóla.....	2
2.4 Starfsreglur og verksvið.....	4
2.5 Markmið stjórnar FFHS skólaárið 2005-2006.....	5
2.6 Skilgreining á starfi og verksviði bekkjarfulltrúa.....	6
2.7 Nefndir á vegum foreldrafélags	7
2.8 Fjármál FFHS.....	7
2.9 Samráðsfundir innan skólans	7
3 Fræðsla og kynningar.....	7
3.1 Kynning fyrir stjórnarfólk.....	8
3.2 Kynning fyrir bekkjarfulltrúa.....	8
3.3 Kynning fyrir foreldra	8
3.4. Fræðsla og forvarnir.....	9
4 Félagsstarf.....	9
5 Foreldrasamningar	9
6 Kynningarmál	10
6.1 Fréttabréf	10
6.2 Fundargerðir	10
6.3 Heimasíða	10
6.4 Starfsáætlun	10
6.5 Tengsl við fjölmiðla.....	12
7 Skilgreining á starfi og verksviði foreldraráðs	13
7.1 Starfsreglur foreldraráðs Hofsstaðaskóla:	13
7.2 Starfsáætlun foreldraráðs.....	16
8 Svæðaráð foreldraráða og foreldrafélaga í Garðabæ	17

8.1	Starfsreglur fyrir svæðaráð.....	17
9	Upplýsingar um símanúmer og netföng.....	19
	Viðaukar.....	23
	Erindisbréf nefnda	26
	Vinahópar.....	27
	Umsögn um skóladagatal fyrir skólaárið 2005-2006.....	32

Handbók þessa er gott að prenta út eftir að hún hefur verið staðfærð og setja í möppu. Í möppuna er einnig gott að setja önnur gögn sem tengjast starfinu til dæmis umsagnir, erindi sem berast sem og þau erindi sem eru send út, fundargerðir, fundarboð og upplýsingar um fræðslufundi.

2 Markmið og skipulag foreldrafélags

Félagar í FFHS teljast allir forráðamenn nemenda í skólanum.



Myndræn tengsl foreldrafélaga – foreldraráða við skóla, svæðaráð og skólaskrifstofa/skólanefnd

2.1 Almenn markmið

Yfirmarkmið foreldrafélags Hofstaðaskóla (hér eftir ritað FFHS) kemur fram í 2.gr. laga félagsins, en það er að vera samstarfsvettvangur foreldra, efla og tryggja gott samstarf heimila og skólans, vinna að velferð nemenda, koma á framfæri sjónarmiðum foreldra um skóla- og uppeldismál og standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Hvernig FFHS hyggst ná fram markmiðum sínum er nánar lýst í handbók þessari.

2.2 Almennt um stjórn

Stjórn FFHS skipa sex foreldrar/forráðamenn. Gott er að ekki gangi fleiri en þrír úr stjórn í einu. Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi sem haldinn er í maí ár hvert og er boðað til samkvæmt lögum félagsins. Fráfarandi formaður FFHS skal boða til fyrsta stjórnarskiptafundar ekki seinna en tveimur vikum frá aðalfundi. Á fundinn mæta nýir stjórnarmenn sem og þeir sem ganga úr stjórn. Á stjórnarskiptafundi afhendir fráfarandi formaður nýrri stjórn gögn félagsins. Nýkjörin stjórn skiptir með sér verkum á fundinum og tilkynnir í kjölfarið skólayfirvöldum og öðrum samstarfsaðilum um þær breytingar sem hafa orðið á stjórn.

2.3 Lög foreldrafélags Hofsstaðaskóla

1. grein Félagið er foreldrafélag Hofsstaðaskóla. Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.
2. grein Markmið félagsins er að:
- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
 - efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
 - styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
 - koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
 - standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.
3. grein Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:
- skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa í hverjum bekk
 - koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.
 - standa að upplýsingamiðlun til foreldra m.a. með útgáfu fréttabréfs og halda úti heimasíðu foreldrafélagsins þar sem birtar eru fundargerðir og annað er viðvíkur starfsemi félagsins
 - veita skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði sem bestar
 - styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans.
 - taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög, svæðaráð og landssamtök foreldra
4. grein Stjórn félagsins skipa sex foreldrar/forráðamenn. Stjórn skal kjörin til tveggja ára í senn þrjár stjórnarmenn annað hvert ár. Stjórnin skiptir með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og tvemur meðstjórnendum. Aldrei skulu fleiri en þrjár ganga úr stjórn í einu.
5. grein Bekkjarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur. Bekkjarfulltrúar mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hverrar bekkjardeildar með nánu samstarfi við umsjónarkennara. Stjórn foreldrafélagsins ber ábyrgð á að í upphafi skólaárs séu kosnir tveir til þrjár fulltrúar forráðamanna úr hverjum bekk til tveggja ára í senn. Í fyrsta bekk eru tveir eða einn kosnir til tveggja ára og einn til eins árs til að stuðla að því að allir hætti ekki á sama tíma.

6. grein Aðalfundur skal haldinn í maí ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins í samstarfi við foreldraráð með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins.

Verkefni aðalfundar:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Skýrslur nefnda
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Kosning fulltrúa í foreldrafélag
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Skýrsla foreldraráðs
- Kosning fulltrúa í foreldraráð
- Önnur mál

7. grein Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf.

8. grein Fulltrúaráðið skal koma saman eigi sjaldnar en þrisvar á skólaárinu og oftast ef þurfa þykir. Fyrsti fundur skal haldinn í upphafi skólaárs. Stjórn félagsins undirbýr og boðar til þessara funda. Þar skulu rædd mál er varða markmið og starf foreldrafélagsins, starf foreldra í bekkjardeildum og verkefni foreldraráðs. Fulltrúaráð skal aðstoða stjórn félagsins í stærri verkefnum.

9. grein Stjórn foreldrafélagsins skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

10. grein Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og ákveðið á aðalfundi.

11. grein Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á stórnarfundum og renna þá eignir þess til skólans.

12. grein Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

2.4 Starfsreglur og verksvið

Stjórn FFHS fundar einu sinni í mánuði. Formaður boðar til fundanna og í fundarboði er sett fram dagskrá fundarins. Ritari ritar fundargerðir sem hann sendir fundarmönnum. Fundargerðin er send til skólastjóra og foreldraráðs og sett á heimasíðu foreldrafélagsins ef engar athugasemdir berast.

Verksvið stjórnar foreldrafélagsins:

Formaður:

- Hefur umsjón með tengslum við skólastjórnendur
- Hefur umsjón með tengslum við foreldraráð
- Ber ábyrgð á skipulagningu og boðun fulltrúaráðsfunda
- Hefur umsjón með tengslum við aðila utan skólans
- Er fulltrúi foreldrafélagsins í svæðaráði foreldra í Garðabæ
- Boðar stjórnarfundum með dagskrá og stýrir þeim
- Hefur yfirsýn yfir starfsemi félagsins og heldur utan um gögn sem fylgja starfinu
- Sér til þess að starfsáætlun sé fylgt eftir
- Uppfærir handbók
- Tilkynnir breytingar á stjórn til skólans, svæðaráðs og Heimilis og skóla - landsamtaka foreldra
- Ber ábyrgð á að póstlistinn foreldrafelag@hofsstadaskoli.is sé uppfærður og hefur umsjón með netfanginu foreldrar@hofsstaaskoli.is sem er notað í samskiptum við aðila utan skólans.
- Vinnur að ársskýrslu ásamt ritara og gerir grein fyrir henni á aðalfundi foreldrafélagsins
- Vinnur að öðrum aðkallandi verkefnum

Varaformaður:

- Er staðgengill formanns
- Hefur umsjón með tengslum við bekkjarfulltrúa og heldur utan um netfangalista
- Hefur yfirumsjón með tengslum við nefndir sem starfa á vegum FFHS
- Æskilegt er að varaformaður sé varamaður í foreldraráði
- Vinnur að aðkallandi verkefnum

Ritari

- Ritari fundargerðir á fundum félagsins, sendir til stjórnar, foreldraráðs og skólastjóra og setur samþykktar fundargerðir á vef foreldrafélagsins
- Ritari fundargerðir á fulltrúaráðsfundum, sendir til bekkjarfulltrúa og setur á vef
- Ber ábyrgð á vef foreldrafélagsins sem er vistaður á heimasíðu skólans og skrifar fréttir og tilkynningar inn á vefinn
- Er umsjónarmaður fréttabréfs foreldrafélagsins. Fréttabréfið skal senda á foreldra/forráðamenn og starfsfólk skólans
- Á sæti í vefráði skólans (vefráð er ritsjórn fyrir vef skólans)
- Miðlar upplýsingum til foreldra, nemenda og starfsfólks skólans
- Sér um að koma upplýsingum um skólastarfið til bæjarblaðsins sem og til þess aðila sem sér um heimasíðu bæjarfélagsins
- Vinnur að ársskýrslu ásamt formanni

Gjaldkeri:

- Sér um fjárreiður félagsins
- Heldur utan um innheimtu félagsgjalda hjá bekkjarfulltrúum
- Á sæti í einni eða fleiri nefndum sem starfa á vegum foreldrafélagsins og sér um að koma upplýsingum um starfsemi nefnda til stjórnar
- Vinnur að aðkallandi verkefnum

Meðstjórnendur:

- Eiga sæti í einni eða fleiri nefndum sem starfa á vegum foreldrafélagsins og sjá um að koma upplýsingum um starfsemi nefnda til stjórnar
- Vinna að aðkallandi verkefnum

2.5 Markmið stjórnar FFHS skólaárið 2007-2008

- Að kosnir séu a.m.k. tveir bekkjarfulltrúar í öllum bekkjum sem haldi utan um foreldrastarfið innan bekkjanna
- Að koma á foreldrasamningum í öllum bekkjum
- Að skrifa um starf foreldrafélagsins í fréttabréf FFHS sem komi út a.m.k. tvisvar sinnum á ári
- Að uppfæra handbók félagsins og tilkynna breytingar á stjórn
- Að allir félagsmenn hafi gott aðgengi að félaginu og starfsemi þess í gegnum heimasíðu skólans og birta þar reglulega fréttir frá félaginu sem og fundargerðir
- Að bjóða foreldra nýrra nemenda velkomna til starfa í félaginu í samstarfi við skólastjórnendur.
- Að halda hausthátíð í september og laufabrauðsdag í nóvember
- FFHS hefur sett sér eftirfarandi markmið fyrir bekkjarfulltrúa:
 - Að bekkjarfulltrúar innan árgangs starfi saman
 - Að bekkjarfulltrúar bjóði nýja foreldra í bekknum sérstaklega velkomna
 - Að bekkjarfulltrúar noti möppuna Foreldrabankann* til að safna saman upplýsingum um bekkjarstarfið, s.s. foreldrasamningi, aðstandendalista, myndum af bekkjarkvöldum, töskupósti v/bekkjarskemmtana, fundargerðum frá fulltrúaráðsfundum/foreldrafundum. Þessar möppur séu aðgengilegar á samkomum bekkjarins og verði að loknu námi í vörslu bókasafns Hofsstaðaskóla. Bekkjarfulltrúar gæti að því að Foreldrabankinn tapist ekki á milli skólaára og skili honum á bókasafn skólans er bekkurinn brautskráist frá skólanum. Ef ljóst er að bekkjarfulltrúi hættir en ekki er kominn annar í staðinn skal skila möppu til stjórnar foreldrafélagsins á aðalfundi sem kemur henni áfram þegar ljóst er hver tekur við.

** Foreldrabankinn er handbók fyrir bekkjarfulltrúa og fæst hjá Heimili og skóla*

2.6 Skilgreining á starfi og verksviði bekkjarfulltrúa

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Bekkjarfulltrúar eru kosnir af foreldrum eða tilnefndir í samráði við fyrri bekkjarfulltrúa. Í 5. gr. laga félagsins er gert ráð fyrir að bekkjarfulltrúar eru kosnir til tveggja ára í senn. Kosnir eru a.m.k. tveir úr hverjum bekk og ekki er skipt um alla í einu. Bekkjarfulltrúar skipta með sér verkum, er þá einn bekkjarfulltrúi í hlutverki gjaldkera og sér um að innheimta bekkjarskjóðsgjaldið. Upphæðin miðast við hvað á að gera um veturinn og áætlaðan kostnað vegna þess ásamt gjaldi til foreldrafélagsins.

Stjórn félagsins setur bekkjarfulltrúum starfsreglur (sjá í viðauka) og kallar þá til fundar þrisvar á skólaári.

Stefnt er að því að koma á foreldrasamningum í öllum árgöngum sem ætlunin er að fylgi börnunum frá ári frá árs og taki nauðsynlegum breytingum í takt við aldur barnanna. Bekkjarfulltrúar í samstarfi við umsjónarkennara sjá um fyrirlögn foreldrasamninga á námsefniskynningarfundum að hausti. Bekkjarfulltrúar geta nálgast foreldrasamninginn og leiðbeiningar um fyrirlögn hjá stjórn foreldrafélagsins sem nálgast samninginn og gögn sem honum fylgja hjá Heimili og skóla.

Bekkjarfulltrúar fá kynningu á hlutverki sínu á fyrsta fulltrúaráðsfundi vetrarins. Þeir fá einnig afhent gögn og upplýsingar sem auðvelda þeim að skipulegga starfið innan bekkjanna. Fulltrúar úr 1. bekk fá afhenda möppuna Foreldrabankinn frá Heimili og skóla sem fylgir svo bekknum í gegnum skólagönguna. Ef fulltrúa vantar frá einhverjum bekkjum á fulltrúaráðsfundum skal senda þeim þau gögn sem dreift er á fundinum með töskupósti og kynna þeim það með tölvupósti. Fundargerðir fulltrúaráðsfunda eru sendar bekkjarfulltrúum, foreldraráði, skólastjóra og settar á heimasíðu félagsins.

Bekkjarfulltrúum er kynnt hvernig best er að koma upplýsingum á framfæri við foreldra, hvernig þeir bera sig að við að koma töskupósti til skila, senda tölvupóst á alla foreldra eða fá tilkynningu birta á síðu bekkjarins í Mentor-tölvukerfinu.

Foreldrafélagið stefnir að því í samvinnu við svæðaráð og skólaskrifstofu að halda námskeið fyrir bekkjarfulltrúa allra grunnskólanna í sveitarfélaginu (2006).

Á námsefniskynningarfundum að hausti fá bekkjarfulltrúar tíma til þess að ræða við foreldra. Bekkjarfulltrúar skipuleggja fundinn í samvinnu við umsjónarkennara. Best er ef samvinna er á milli allra bekkja í sama árgangi þannig að svipuð dagskrá sé í árgangnum. Á fundinum er lögð fram drög að dagskrá bekkjarins yfir veturinn (sjá viðauka). Þar kemur fram hvað á að gera í bekknum og í hvaða mánuði og einnig er sett inn á skipulagið þær upptökur sem foreldrafélagið stendur fyrir, t.d. laufabrauðsbakstur og hausthátíð. Miða skal við að haldnar séu a.m.k. þrjár bekkjarskemmtanir á vetri. Þegar skipulagið hefur verið samþykkt þá eru fengnir 3-5 foreldrar til þess að halda utan um hvern atburð. Þannig er reynt að virkja sem flesta foreldra. Umsjónarmenn atburða ákveða endanlega dagsetningu í tíma og auglýsa hana í samvinnu við bekkjarfulltrúa með töskupósti, tölvupósti og/eða með tilkynningu í Mentor. Ef þörf krefur þá minna bekkjarfulltrúar foreldra á að skipuleggja og ákveða dagsetningu á bekkjarskemmtunum.

Á fundinum er einnig umræða um viðmið og reglur sem foreldrar vilja að séu í hávegum hafðar og fer sú umræða fram með notkun Foreldrasamnings Heimilis og skóla. Umsjónarkennari er bekkjarfulltrúum innan handar í þessari umræðu. Einnig er rætt um vinnuhópa, aðkomu foreldra að skólafundum t.d. starfskynningar, þátttöku í vettvangsferðum, eða annað sem foreldrar vilja leggja að mörkum til skólafundar.

2.7 Nefndir á vegum foreldrafélags

Samkvæmt 7. grein laga félagsins getur stjórnin skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf. Erindisbréf nefnda eru í viðauka.

Strax að hausti skal stjórn ákveða og kynna hvaða nefndir verða starfræktar en það getur verið misjafnt milli ára. Auglýsa skal eftir fólki í nefndir á heimasíðu og í fréttabréfi sem og á námsefniskynningarfundum.

Í vetur munu eftirfarandi nefndir verða starfræktar á vegum foreldrafélagsins:

- Laufabrauðsnefnd
- Umferðarnefnd
- Hausthátíðarnefnd
- Tækjasjóðsnefnd

2.8 Fjármál FFHS

Samkvæmt 10 gr. laga félagsins þá er heimilt að óska eftir árlegum framlögum til félagsins. Upphæð félagsgjalda er ákveðin á aðalfundi. Gjaldkeri sér um að innheimta félagsgjöld hjá bekkjarfulltrúum.

Í vetur eru félagsgjöld 500 kr. af hverju greiddu bekkjarsjóðsgjaldi sem bekkjarfulltrúar innheimta og greiða svo til foreldrafélagsins. Þetta er sama gjald og undanfarin ár.

Ársreikningar félagsins eru lagðir fram á aðalfundi á hverju vori. Þeir skulu einnig vistaðir á heimasíðu foreldrafélagsins.

2.9 Samráðsfundir innan skólans

Fastir fundir **stjórnar FFHS** eru einu sinni í mánuði og er fundartími ákveðinn á fyrsta fundi í ágúst.

Formaður FFHS ásamt formanni foreldraráðs sitja fundi **svæðaráðs** (sjá kafla 8 um svæðaráð) sem eru haldnir einu sinni í mánuði.

FFHS heldur samráðsfundi með **bekkjarfulltrúum** a.m.k. þrisvar á hverju skólaári. Skal sá fyrsti vera í upphafi skólaárs. Stjórn FFHS boðar til þessara funda. Fulltrúi foreldraráðs er boðaður á fundinn og kemur upplýsingum af fundinum til foreldraráðs. Bekkjarfulltrúar, foreldraráð og skólastjóri fá senda fundargerð.

FFHS heldur fund með **skólastjórnendum** a.m.k. tvisvar á hverju skólaári. Fundartími er ákveðinn í samráði við skólastjóra strax að hausti.

FFHS heldur samráðsfund með **skólastjórnendum, kennararáði og foreldraráði** einn á haustönn og einn á vorönn. Fundartími er ákveðinn í samráði við viðkomandi aðila.

3 Fræðsla og kynningar

FFHS styður starfsemi Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra og er aðili að samtökunum. Á skrifstofu Heimilis og skóla er að finna ýmis gögn, lög og skýrslur um menntamál, stjórn og

rekstur foreldraráða og foreldrafélaga, Foreldrabankann, Foreldrasamninginn, auk bæklinga og annarra gagna á íslensku svo og ýmis norræn tímarit, bækur og myndbönd þar sem fá má margvíslegar hugmyndir til notkunar í foreldrastarfi. Einnig fást þar bæklingar fyrir foreldra um mál er tengjast uppeldi og námi, s.s. lestur og heimanám. Á heimasíðu samtakanna www.heimilogskoli.is má einnig nálgast ýmis gögn og þar eru einnig birtar reglulega fréttir og greinar um skóla- og uppeldismál.

3.1 Kynning fyrir stjórnarfólk

Nýtt stjórnarfólk fær kynningu á starfi félagsins og handbókinni á stjórnarskiptafundi. Fráfarandi formaður sér um þá kynningu.

Stjórnarfólk er hvatt til að sækja ráðstefnur og fundi um skólamál sem og að afla sér upplýsinga hjá fyrrum stjórnarfólki, svæðasamtökum og Heimili og skóla.

3.2 Kynning fyrir bekkjarfulltrúa

Bekkarfulltrúar fá kynningu á hlutverki sínu á fyrsta fulltrúaráðsfundi vetrarins. Þeir fá einnig afhent gögn og upplýsingar sem auðvelda þeim að skipuleggja starfið innan bekkjana. Fulltrúar úr 1. bekk fá afhenda möppuna Foreldrabankinn frá Heimili og skóla sem fylgir svo bekknum í gegnum skólagönguna. Ef fulltrúa vantar frá einhverjum bekkjum á fulltrúaráðsfundum skal senda þeim þau gögn sem dreift er á fundinum með töskupósti og kynna þeim það með tölvupósti. Fundargerðir fulltrúaráðsfunda eru sendar bekkjarfulltrúum, foreldraráði, skólastjóra og settar á heimasíðu félagsins.

Bekkarfulltrúum er kynnt hvernig best er að koma upplýsingum á framfæri við foreldra, hvernig þeir bera sig að við að koma töskupósti til skila, senda tölvupóst á alla foreldra eða fá tilkynningu birta á síðu bekkjarins í Mentor-tölvukerfinu.

Foreldrafélagið stefnir að því í samvinnu við svæðaráð og skólaskrifstofu að halda námskeið fyrir bekkjarfulltrúa allra grunnskólanna í sveitarfélaginu (2006).

3.3 Kynning fyrir foreldra

Á námsefniskynningarfundum að hausti fá bekkjarfulltrúar tíma til þess að ræða við foreldra. Bekkarfulltrúar skipuleggja fundinn í samvinnu við umsjónarkennara. Best er ef samvinna er á milli allra bekkja í sama árgangi þannig að svipuð dagskrá sé í árgangnum. Á fundinum er lögð fram drög að dagskrá bekkjarins yfir veturinn (sjá viðauka). Þar kemur fram hvað á að gera í bekknum og í hvaða mánuði og einnig er sett inn á skipulagið þær uppákomur sem foreldrafélagið stendur fyrir, t.d. laufbrauðsbakstur og vorhátíð. Miða skal við að haldnar séu a.m.k. þrjár bekkjarskemmtanir á vetri. Þegar skipulagið hefur verið samþykkt þá eru fengnir 3-5 foreldrar til þess að halda utan um hvern atburð. Þannig er reynt að virkja sem flesta foreldra. Umsjónarmenn atburða ákveða endanlega dagsetningu í tíma og auglýsa hana í samvinnu við bekkjarfulltrúa með töskupósti, tölvupósti og/eða með tilkynningu í Mentor. Ef þörf krefur þá minna bekkjarfulltrúar foreldra á að skipuleggja og ákveða dagsetningu á bekkjarskemmtunum.

Á fundinum er einnig umræða um viðmið og reglur sem foreldrar vilja að séu í hávegum hafðar og fer sú umræða fram með notkun Foreldrasamnings Heimilis og skóla. Umsjónarkennari er bekkjarfulltrúum innan handar í þessari umræðu. Einnig er rætt um vinnuhópa, aðkomu foreldra að skólustarfinu t.d. starfskynningar, þátttöku í vettvangsferðum, eða annað sem foreldrar vilja leggja að mörkum til skólustarfsins.

3.4. Fræðsla og forvarnir

Haldnir eru fyrirlestrar á hverju skólaári. Svæðaráð foreldra sér um framkvæmdina í samvinnu við foreldrafélög allra grunnskólanna. Bekkjarfulltrúar og stjórnarfolk er hvatt til að sækja fyrirlestrana ásamt því sem tilkynningar um fyrirlestrana eru sendar til foreldra allra nemenda skólans. Fræðslufundirnir eru opnir öllum bæjarbúum og eru þeir auglýstir t.d. í grunnskólum, leikskólum, bæjarblöðum, framhaldsskólanum, íþróttahúsum og í verslunum í bænum. Höfð er samvinna við félagsmiðstöðina, íþróttafélögin og forvarnarfulltrúa bæjarins um fræðslufyrirlestra fyrir foreldra.

Helstu verkefni FFHS á sviði forvarna er þátttaka í fyrirlestrum og ráðstefnum ásamt fyrirlögn Foreldrasamninga.

4 Félagsstarf

Foreldrafélagið styður með beinum eða óbeinum hætti félagsstarf innan skólans sé þess óskað. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir því að kaupa eitt til tvö atriði á vetri inn í skólann fyrir nemendur og eru þau valin í samvinnu við skólastjóra. Þetta eru til að mynda leiksýningar, skemmtiatriði t.d. á jólum eða öskudag eða uppákomur á þemavikum. Foreldrafélagið heldur laufabrauðsdag í nóvember og hausthátíð í september en sérstakar nefndir sjá um framkvæmd skv. erindisbréfi.

5 Foreldrasamningar

Foreldrasamningar eru upphaflega hugsaðir til forvarnar þar sem foreldrar leggja áherslu á að unglingar þeirra öðlist heilbrigð viðhorf til áfengis. Reynslan hefur sýnt að foreldrar yngri barna eru ekki síður áhugasamir um að gera með sér foreldrasamning þar sem tilgangurinn er að samræma reglur og viðmið innan bekkjarins. Á yngsta stigi eru reglurnar almennt mjög fáar og einfaldar en verða fleiri er börnin eldast og líf þeirra verður flóknara.

Á samráðsfundi stjórnar foreldrafélagsins og bekkjarfulltrúa Hofsstaðaskóla var ákveðið að bekkjarfulltrúar skyldu leggja fyrir foreldrasamninga í bekkjum sínum á námsefnisfundum hvers vetrar.

Stjórn foreldrafélagsins aðstoðar bekkjarfulltrúa við framkvæmd foreldrasamninga ef þörf er á. Bekkjarfulltrúar geta nálgast hjá formanni eða varaformanni FFHS foreldrasamningana og þau gögn sem þeim fylgja m.a. leiðbeiningar um fyrirlögn.

Af heimasíðu Heimilis og skóla:

Heimili og skóli landssamtök foreldra hafa síðastliðin ár kynnt forvarnarverkefnið „Foreldrasamninginn“ fyrir foreldrum barna annars vegar í 1.-5. og hins vegar í 6.-10. bekk grunnskóla.

Það er samdóma álit allra sem að hafa komið að þar sem náðst hefur góð samstaða foreldra um verkefnið það hefur samningurinn skilað góðum árangri.

Foreldrar fylkja sér um „Foreldrasamning Heimilis og skóla“ þar sem hann veitir þeim samtakamátt og styður þau gildi sem þeir telja börnum sínum fyrir bestu. Samningurinn auðveldar foreldrum að sameina þau gildi sem þeir telja mikilvæg, svo sem að virða útivistartíma, verja börn með því að hafa einhvern ábyrgan til staðar ef þau fá að halda partí, kaupa ekki fyrir börn og unglinga áfengi eða önnur vímuefni. Láta sig varða vitneskju um neyslu síns barns og annarra barna og koma slíkum upplýsingum á framfæri við rétta aðila. Foreldrar sem vilja verja börnin sín og styðja á leið þeirra til manns fagna því að fá frá öðrum foreldrum sem eru sama sinnis styrk í formi „Foreldrasamningsins“.

6 Kynningarmál

6.1 Fréttabréf

FFHS gefur út fréttabréf í samstarfi við foreldraráð og skólann tvisvar sinnum á vetri, við lok hvernar annar. Ritari félagsins er umsjónarmaður fréttabréfsins og gætir þar einnig hagsmuna foreldraráðs sem birtir reglulega fréttir af starfsemi sinni í fréttabréfinu.

6.2 Fundargerðir

Ritari ritar fundargerðir sem hann sendir fundarmönnum. Fundargerðin er send til skólustjóra og foreldraráðs og sett inn á heimasíðu foreldrafélagsins.

6.3 Heimasíða

Vefur foreldrafélagsins er vistaður á heimasíðu Hofsstaðaskóla (hofsstadaskoli.is). Ritari FFHS sér um vefinn. Á vefnum birtast fréttir og tilkynningar frá foreldrafélaginu. Heimasíðan geymir einnig upplýsingar um stjórn FFHS, nefndir, bekkjarfulltrúa, vinahópa, hugmyndabanka um bekkjarferðir/-kvöld, sýnishorn að foreldrasamningi, upplýsingar um svæðraráð foreldra, lög FFHS og starfsáætlun FFHS. Að loknum aðalfundi skal setja á vefinn nýjustu upplýsingar um stjórn FFHS og eins skal setja inn upplýsingar um bekkjarfulltrúa hvers skólaárs þegar þeir hafa verið skipaðir.

6.4 Starfsáætlun

Á stjórnarskiptafundi í lok skólaárs er lögð fram drög að starfsáætlun næsta vetrar og skal hún endanlega samþykkt á fyrsta fundi vetrar. Í starfsáætlun koma fram fundir á skólaárinu sem og tímasetningar á helstu viðburðum FFHS. Starfsáætlunin er kynnt á fyrsta fulltrúaráðsfundi og birt á heimasíðu foreldrafélagsins.

Starfsáætlun foreldrafélags Hofsstaðaskóla skólaárið 2007–2008

Júní

- *Stjórnarskiptafundur* - Fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar ásamt fráfarandi stjórnarmönnum. Á fundinum er starfsemi félagsins kynnt fyrir nýjum stjórnarmönnum og afhent gögn um skipulagið. Stjórnin skiptir með sér verkum. Drög að starfsáætlun næsta vetrar er lögð fram og skal hún birt á vef skólans í ágústlok. Tilkynningu um breytingu á stjórn komið til skólustjóra, grunnskólafulltrúa, svæðaráðs og Heimili og skóla - landssamtaka foreldra.

Ágúst

- *Fundur með nýjum nemendum í 2. - 10. bekk og foreldrum þeirra.*
- *Fundur með foreldrum 1. bekkja, Skólastjóri boðar alla foreldra 1. bekkinga á fund þar sem skólinn er kynntur. Á þessum fundi fer fram kynning á starfsemi foreldrafélagsins og kosning bekkjarfulltrúa.*
- *Stjórnarfundur* - Fyrsti fulltrúaráðsfundur undirbúinn, skal hann haldinn áður en námsefniskynningar eru haldnar. Formaður sér um að boða til fundarins með dagskrá. Fundartímar næsta vetrar eru ákveðnir en foreldrafélagið fundar reglulega einu sinni í mánuði. Gengið er frá starfsáætlun og fundartímum vegna sameiginlegra funda eftir því sem kostur er.

September

- *Fulltrúaráðsfundur* - Á fyrsta fulltrúaráðsfundi eru bekkjarfulltrúar eru fræddir um hlutverk sitt og fá afhentar starfsreglur fyrir bekkjarfulltrúa sem og hugmyndir varðandi bekkjarskemmtanir og skipulag starfsins í bekknum og upplýsingar um skipulagningu vinnuhópa. Einnig fá þeir fræðslu um hlutverk sitt á námsefniskynningu. Bekkjarfulltrúar í 1. bekk fá Foreldrabankann afhentan sem og kynningu á notkun hans.
- *Námsefniskynningar* - Fulltrúi foreldrafélags kynnir starfsemi foreldrafélags á sal eða gengur í bekki eftir því hvernig skipulag skólans á framkvæmd er. Bekkjarfulltrúar kynna drög að vetrardagskrá hvers bekkjar og stýra umræðum um Foreldrasamninga
- *Nefndir* - Auglýst er eftir fólk í nefndir á vef skólans og í tölvupósti.
- *Stjórnarfundur* - Skólastjóra boðið á fundinn, vetrarstarfið rætt. Umsjónarmaður félagsstarfs mætir á fundinn og kynnir starfsemina á haustönn.
- *Hausthátíð* - bekkjarfulltrúar fyrra árs undirbúa og taka þátt

Október

- *Stjórnarfundur* - Fundað með fulltrúum nefnda sem starfa á vegum foreldrafélagsins þeim kynnt starfsvið nefnda og erindisbréf.
- *Samráðsfundur* með skólastjórnendum, kennararáði, foreldraráði og nemendaráði.

Nóvember

- *Stjórnarfundur* - Fulltrúaráðsfundur undirbúinn.
- *Fulltrúaráðsfundur* - Bekkjarfulltrúar fá að lokinni námsefniskynningu tíma til að skapa umræðu um Foreldrasamning Heimilis og skóla sem og bekkjarstarf vetrarins - miða skal við að haldnir séu a.m.k. þrjár viðburðir á vetri. Einnig skal ræða um skipulag foreldrarólts og aðkomu foreldra að skólastarfinu t.d. starfskynningar, þátttöku í vettvangsferðum eða annað sem foreldrar vilja leggja til skólastarfsins.
- *Laufabrauðsdagur* - er að jafnaði haldinn síðasta laugardag í nóvember. Laufabrauðskökur eru skornar út í sal skólans og steiktar í matreiðslustofu.

Desember

- *Stjórnarfundur*
- *Fréttabréf*

Janúar

- *Stjórnarfundur*. Skólastjóra boðið á fundinn og skólastarf á vorönn rætt. Umsjónarmaður félagsstarfs mætir á fundinn og kynnir starfsemina á vorönn.

Febrúar

- *Stjórnarfundur* - undirbúningur að skólamyndatöku, tilboða leitað hjá ljósmyndurum.
- *Samráðsfundur* með skólastjórnendum, kennararáði, foreldraráði og nemendaráði.

Mars

- *Stjórnarfundur*
- *Fræðslufundur í umsjón svæðaráðs.*

Apríl

- *Stjórnarfundur* - Fulltrúaráðsfundur undirbúinn.
- *Fulltrúaráðsfundur* - farið yfir starf vetrarins, hugmyndum safnað saman - hvernig hefur gengið, hvað má betur fara? Undirbúningur fyrir hausthátíð og farið yfir hlutverk bekkjarfulltrúa á hausthátíð. *Bekkjjarfulltrúar skila af sér upplýsingum um breytingar á bekkjarfulltrúum.*

Mái

- *Stjórnarfundur* - Aðalfundur undirbúinn. Farið yfir breytingar sem verða á stjórn. Í kjölfarið er auglýst eftir fólki í stjórn á vef skólans, í tölvupósti og fréttablaði. (Ef enginn býður sig fram skal leita beint til aðila sem taldir eru áhugasamir og virkir. Tryggt skal að á aðalfundi verði búið að finna fólk sem er tilbúið til að gefa kost á sér og það kynnt fyrir foreldrum í fundarboði).
- *Fréttablað*
- *Aðalfundur* - Skýrsla stjórnar, nefnda og foreldraráðs. Kosning í stjórnir.

6.5 Tengsl við fjölmiðla

Stjórn FFHS mun beita sér fyrir jákvæðri umfjöllun um skólastarfið í fjölmiðlum. Ritari sér um að koma upplýsingum um skólastarfið til bæjarblaðsins sem og til þess aðila sem sér um heimasíðu bæjarfélagsins. Ef tilefni þykir er fréttum af starfsemi skólans komið á framfæri við aðra fjölmiðla.

7 Skilgreining á starfi og verksviði foreldraráðs

Í 16. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla segir:

Við hvern grunnskóla skal starfa foreldraráð og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess.

Í foreldraráði sitja þrjú foreldrar sem ekki eru starfsmenn skólans. Foreldrar við grunnskóla velja fulltrúa í foreldraráð til tveggja ára í senn. Foreldraráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið, fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum, svo og með framkvæmd þeirra. Foreldraráð skal jafnframt fá til umsagnar fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin.*

Skólastjóri starfar með foreldraráði og veitir því upplýsingar um starfið í skólanum.

Óski foreldrar þess er skóla heimilt, með rökstuddri greinargerð, að sækja um undanþágu frá ákvæði greinar þessarar til menntamálaráðuneytisins. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir undanþágu, svo sem ef skóli er mjög fámennur“.

Foreldraráð starfar sjálfstætt en heldur aðalfund í samvinnu við foreldrafélagið.

Foreldraráð hefur sett sér starfsreglur í samræmi við erindisbréf skólanefndar grunnskóla Garðabæjar.

***Breyting er tók gildi 1. janúar 2007**

7.1 Starfsreglur foreldraráðs Hofstaðaskóla:

1. grein

Reglur þessar gilda um starfsemi foreldraráðs og samskipti þess við skólastjóra, foreldrafélag, grunnskólanefnd, skólaskrifstofu, svæðaráð grunnskólanna sem og landssamtök foreldra. Þær öðlast gildi við undirskrift þar til bærri fulltrúa í foreldraráði.

Skólastjóri sér um að starfsreglur foreldraráðsins séu kynntar foreldrum, m.a. með birtingu þeirra í skólanámskrá og á upplýsingavef skólans. Foreldraráð skal hafa sérstakt svæði á heimasíðu skólans til að kynna starfsemi sína. Þar kemur fram netfang foreldraráðs, nöfn fulltra í foreldraráði ásamt símanúmeri og netfangi formanns. Skólastjóri ber jafnframt ábyrgð á að skólaskrifstofu sé tilkynnt um nöfn, heimilisföng og netföng fulltrúa í foreldraráði strax að lokinni kosningu þeirra. Formaður sér um að koma þeim upplýsingum til svæðaráðs foreldra, menntamálaráðuneytis og Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra.

2. grein

Foreldraráð starfar skv. ákvæðum 16. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Í foreldraráði eiga sæti þrjú aðalfulltrúar og þrjú til vara.

Kjörfundur foreldraráðs skal haldinn á aðalfundi foreldrafélags við lok hvers skólaárs. Þá skulu kosnir þrjú fulltrúar til setu í foreldraráði til næstu tveggja skólaára og jafnmargir varamenn. Að öllu jöfnu sitja varamenn jafnframt fundi foreldraráðs. Kjörnir fulltrúar taka sæti í foreldraráði þegar að kjöri loknu. Kosningarétt hafa foreldrar/forráðamenn sem ekki eru starfsmenn skólans.

Miðað skal við að fulltrúar í foreldraráði eigi barn/börn í skólanum allan kjörtíma sinn. Til kjörfundar skal boðað með a.m.k viku fyrirvara. Óska skal eftir tilnefningum til ráðsins tímalega og í síðasta lagi í fundarboði aðalfundar. Á fundinum skal foreldraráð gera grein fyrir starfsemi sinni á liðnu starfsári. Skýrsla foreldraráðs skal birt á vef skólans.

3. grein

Foreldraráð starfar með skólastjóra að hagsmunum skólans, nemenda og foreldra. Tvisvar á vetri skal foreldraráð sitja sameiginlega fundi með kennararáði sem skólastjóri boðar til sbr. 4. mgr. 14 gr. grunnskólalaga. Skólastjóri boðar til þessara funda til að veita upplýsingar um skólastarfið og fjalla um málefni þessara ráða. Stjórn foreldrafélagsins er einnig boðað á þessa fundi til að auðvelda upplýsingaflæði og virkt samstarf.

Foreldraráð fundar með skólastjórnendum og/eða kennararáði oftár ef þurfa þykir.

Í upphafi skólaárs skal foreldraráð í samvinnu við skólastjóra gera áætlun um sameiginlega fundi á skólaárinu og skal miðað við að þeir séu a.m.k. þrír eða oftár ef þurfa þykir. Á sameiginlegum fundum skólastjóra og foreldraráðs veitir skólastjóri upplýsingar varðandi starfsemina og skólahald almennt, breytingar á henni og þróun.

Foreldraráð afhendir skólastjóra afrit af erindum og umsögnum er varða skólann og skólahald, þegar þær eru sendar öðrum aðilum.

Foreldraráði er látin í té aðstaða og veittur nauðsynlegur aðgangur að skólahúsnæðinu, búnaði og skrifstofuþjónustu, s.s. prentun, ljósritun og póstdreifingu eftir því sem frekast er unnt.

4. grein

Drög að skólanámskrá næsta vetrar skal tekin til umfjöllunar og umsagnar ár hvert. Foreldraráð getur, ef þörf þykir, boðað skólastjóra og aðra starfsmenn skólans til fundar þar sem farið er yfir námskránnu, hún skýrð nánar og foreldraráði gefinn kostur á að bera upp fyrirspurnir.

Foreldraráð gefur skriflega umsögn um skólanámskrá og skal hún send skólastjóra, grunnskólanefnd og stjórn foreldrafélags eigi síðar en 30 dögum eftir að það fær hana til umsagnar.

Við gerð umsagnar notast foreldraráð við gátlista Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur sem nálgast má á: [http://www.grunnskolar.is/fraedslumidstodin.nsf/Files/Gatlisti/\\$file/gatlisti_2002.pdf](http://www.grunnskolar.is/fraedslumidstodin.nsf/Files/Gatlisti/$file/gatlisti_2002.pdf)

Með umsögn sinni og athugasemdum getur foreldraráðið sett fram tillögur um breytingar á skólahaldi og rekstri skólans og óskað eftir að þær verði teknar til umfjöllunar og afgreiðslu.

Aðrar áætlanir sem varðar skólahaldið, s.s. skóladagatal, áætlanir um nýtingu fjármagns, áform um byggingar, viðhald og aðrar framkvæmdir og búnað skóla skulu lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar jafnskjótt og þær verða til. Skólaskrifstofa sendir foreldraráði til umsagnar áætlanir sínar í skólamálum áður en ákvarðanir eru teknar.

5. grein

Foreldraráð hlutast til um að áætlanir um skólahaldið þ.m.t. skólanámskrá og einnig umsögn ráðsins um hana sé kynnt öllum foreldrum, m.a. með því að gæta að því að skólanámskrá sé aðgengileg á heimasíðu skólans. Foreldraráðið fylgist með að áætlunum skólanámskrár sé framfylgt.

6. grein

Foreldraráð í náinni samvinnu við skólastjóra og skólaskrifstofu hlutast til um að kanna með faglegum hætti viðhorf og væntingar foreldra varðandi skólalaldið. Foreldraráð gætir þess að niðurstöður slíkra kannanna séu kynntar fyrir foreldrum og aðgengilegar á heimasíðu skólans.

7. grein

Foreldraráð starfar í náinni samvinnu við stjórn foreldrafélags skólans og leitast við að tryggja gagnkvæma miðlun upplýsinga. Fundargerðir hvors aðila skulu vera aðgengilegar á heimasíðu skólanna. Æskilegt er að einn aðili sé bæði kosinn í foreldraráð og stjórn foreldrafélags til að tryggja samstarf þarna á milli. Fulltrúi úr foreldraráði situr fulltrúaráðsfundi foreldrafélagsins. Fulltrúi foreldrafélags í ritnefnd fréttabréfs skólans hefur samband við foreldraráð þegar blað er í vinnslu til að foreldraráð geti birt upplýsingar um starfsemi ráðsins reglulega í fréttabréfinu.

8. grein

Fulltrúar í foreldraráði velja sér formann og skipta með sér verkum (formaður - varformaður - ritari - varamenn) á fyrsta fundi ráðsins eftir kosningu hverju sinni og leggja drög að starfsáætlun fyrir næsta skólaár. Formaður undirbýr fundi og boðar til þeirra með dagskrá.

9. grein

Foreldraráð heldur fundargerðir sem eru birtar á vef foreldraráðs sem er vistaður á heimasíðu skólans. Fundargerðir skulu sendar skólastjórnendum og grunnskólafulltrúa. Foreldraráð skal funda reglulega einu sinni í mánuði yfir skólaárið og oftast ef þurfa þykir.

10. grein

Foreldraráð er aðili að samstarfshópi grunnskólanna á svæðinu og situr formaður foreldraráðs eða fulltrúi hans fundi svæðaráðs sem fundar einu sinni í mánuði. Foreldraráð tekur þátt í samstarfi foreldraráða og foreldrafélaga á landsvísi á vettvangi samtakanna Heimili og skóli og tekur þá afstöðu á þeim samstarfsvettvangi sem það telur best þjóna hagsmunum nemenda skólans og skólalaldi almennt.

11. grein

Foreldraráðsfulltrúum er skylt að gæta trúnaðar varðandi upplýsingar um einstaklinga, nemendur, kennara eða aðra sem þeir verða áskynja um í starfi sínu.

12. grein

Sé lögum og reglum um grunnskóla eða áætlunum um skólalald ekki framfylgt að mati foreldraráðs ber því að tilkynna það til menntamálaráðuneytisins enda hafi ábendingum þess til skólastjóra og/eða grunnskólanefndar ekki verið sinnt.

Samþykkt á fundi foreldraráðs Hofsstaðaskóla 6. apríl 2006

7.2 Starfsáætlun foreldraráðs

Júní

- Stjórnarskiptafundur. Fyrsti fundur nýkjörins foreldraráðs ásamt fráfarandi foreldraráðsfulltrúum. Á fundinum er starfsemi foreldraráðs kynnt og gögn afhent nýjum formanni ef um formannskipti er að ræða. Fulltrúar skipta með sér verkum. Drög að starfsáætlun næsta vetrar er lögð fram. Að loknum fundi sér ritari um að tilkynna breytingu á foreldraráði til allra sem málið varðar.

Ágúst

- Stjórnarfundur með skólastjórnendum
 - Farið yfir stundaskrár (tímamagn sbr. Aðalnámsskrá) og aðrar áætlanir vetrarins
 - Farið yfir hvaða mál/erindi liggja fyrir frá fyrra ári
 - Farið yfir skipulag og stöðu heilsdagskólans
 - Farið yfir stöðu matarmála
 - Fundartímar vetrarins ákveðnir en foreldraráðið fundar reglulega einu sinni í mánuði og oftast ef þurfa þykir
 - Starfsáætlun kláruð og sett á vef foreldraráðs í kjölfarið
 - Handbók yfirfarin og uppfærð

September

- Stjórnarfundur
 - Farið yfir drög að skólanámsskrá næsta árs
- Kynning á starfsemi foreldraráðs á námsefniskynningarfundum í 1. bekk.
- Formaður situr fulltrúaráðsfund foreldrafélagsins
- Fréttir af foreldraráði í fréttabréf foreldrafélagsins og foreldraráðs

Október

- Stjórnarfundur
- Fundur með grunnskólafulltrúa og bæjarstjóra - farið yfir stöðu mála
- Samráðsfundur með skólastjórnendum, kennararáði og foreldrafélagi

Nóvember

- Stjórnarfundur
- Formaður situr fulltrúaráðsfund foreldrafélagsins

Desember

- Stjórnarfundur
- Fréttir af foreldraráði í fréttabréf foreldrafélagsins og foreldraráðs

Janúar

- Stjórnarfundur

Febrúar

- Stjórnarfundur með skólastjórnendum
 - Farið yfir skóladagatal og umsögn send til skólastjóra og grunnskólanefndar

Mars

- Stjórnarfundur
- Samráðsfundur með skólastjórnendum, kennararáði og foreldrafélagi

Apríl

- Stjórnarfundur með skólastjóra
 - Skólastjóri kynni niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk
 - Farið yfir kannanir sem gerðar hafa verið sem hluti af sjálfsmati skólans
 - Sjálfsmatsáætlun skólans yfirfarin.
- Formaður situr fulltrúaráðsfund foreldrafélagsins

Mái

- Stjórnarfundur
 - Undirbúið að auglýsa eftir nýju fólki í foreldraráði í fréttabréfi og á heimasíðu skólans
- Fréttir af foreldraráði í fréttabréf foreldrafélagsins og foreldraráðs
- Aðalfundur - Ársskýrsla foreldraráðs. Kosning nýrra fulltrúa
- Farið yfir starfsreglur foreldraráðs

8 Svæðaráð foreldraráða og foreldrafélaga í Garðabæ

Svæðaráð er samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga og málsvari foreldra grunnskólanemenda í bænum. Í svæðaráði foreldra sitja formenn foreldraráða og formenn foreldrafélaga í grunnskólum Garðabæjar ásamt fulltrúa foreldra í grunnskólanefnd.

Svæðaráðið vinnur að sameiginlegum málefnum skólanna og gefur umsagnir um ýmis mál er varða skóla- og fjölskyldumál. Samstarfið gerir formönnum kleift að vera í nánu sambandi og fylgjast með því helsta sem fer fram í grunnskólunum og vera yfirvöldum á staðnum til aðstoðar og ráðuneytis um skólamál.

Svæðaráð skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur

8.1 Starfsreglur fyrir svæðaráð

1. Svæðaráð foreldraráða og foreldrafélaga í Garðabæ er samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í grunnskólum bæjarins/sveitarfélagsins.
2. Svæðaráð er skipað tveimur fulltrúum frá hverjum grunnskóla í Garðabæ. Annar fulltrúinn er tilnefndur af foreldraráði og hinn af foreldrafélagi.
3. Svæðaráð fundar saman einu sinni í mánuði yfir skólaárið og oftast ef þurfa þykir. Fundarstaður og fastir fundartímar skulu ákveðnir á fyrsta fundi vetrarins.
4. Foreldraráð skólanna skipta með sér að skipa áheyrnarfulltrúa foreldra í grunnskólanefnd til tveggja ára í senn. Áheyrnarfulltrúi situr fundi grunnskólanefndar með málfrelsi og tillögurétt sbr. 4. og 7. málsgrein 13. greinar grunnskólalaga og talar þar máli foreldra. Hann fylgir einnig eftir erindum frá svæðaráðinu, foreldraráðum grunnskólanna og miðlar upplýsingum til fulltrúa í svæðaráði um þau mál sem tekin eru fyrir í grunnskólanefnd á mánaðarlegum fundum ráðsins og/eða með tölvupósti.
5. Áheyrnarfulltrúi foreldra í grunnskólanefnd tekur að sér formennsku í Svæðaráði. Formaður sér um að boða til funda með dagskrá. Hann heldur einnig til haga gögnum ráðsins og kemur þeim til arftaka síns. Svæðaráð velur úr sínum hópi varamann fyrir áheyrnarfulltrúa foreldra í grunnskólanefnd.

-
6. Svæðráð velur úr sínum hópi ritara sem ritar fundargerðir á fundum. Hann sendir fundarmönnum fundargerðir sem og grunnskólafulltrúa og formanni grunnskólanefndar og sér til þess að þær birtist á heimasíðu Garðabæjar. Síða ráðsins er vistuð á heimasíðu bæjarins undir kafla um skólamál. Ritari sér um að allar upplýsingar á heimasíðu séu uppfærðar.
 7. Svæðaráð í samvinnu við foreldrafélög grunnskólanna stendur fyrir fræðslufundum um skóla- og uppeldismál a.m.k. einu sinni að vetri sem opnir eru öllum í bæjarfélaginu.
 8. Svæðaráð er tengiliður við landssamtök foreldra og tilnefnir fulltrúa í fulltrúaráð Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra.

9 Upplýsingar um símanúmer og netföng

Foreldrafélag Hofsstaðaskóla 2007-2008 foreldrafelag@hofsstadaskoli.is

Kristbjörg Ágústsdóttir	formaður	898 4837	ka@fjolsvidur.is
Guðrún Willardsdóttir	varaformaður	898 9084	gudrunwillards@yahoo.com
Þórunn Einarsdóttir	ritari	698 1812	totaeinars@gmail.com
Stella Stefánsdóttir	gjaldkeri	615 1055	sstefansdottir@ossur.is
Svava Garðarsdóttir	meðstjórnandi	893 8847	svava.gardarsdottir@ts.spar.is
Ídunn Bragadóttir	meðstjórnandi	862 5711	idunnbraga@simnet.is

Foreldraráð Hofsstaðaskóla 2007-2008 foreldrarad@hofsstadaskoli.is

Svava Garðarsdóttir	formaður	893 8847	svava.gardarsdottir@ts.spar.is
Vera Guðmundsdóttir	varaformaður		
Margrét Gunnlaugsdóttir	ritari		
Perla Kolka Leifsdóttir	1 varamaður		
Klara Hrönn Sigurðardóttir	2 varamaður		
Steinunn Bergmann	3 varamaður		

Svæðaráð foreldrafélaga og foreldraráða í Garðabæ

Titill	Nafn	Símanúmer/netfang
Formaður/fulltrúi í skólanefnd	Guðmundur Guðnason	gudmundur@ruedenet.is

Bekkjafulltrúar 2007-2008

bekkur	nafn	e-mail	nafn barns
1HV	Elísabet María	elisabet.maria@internet.is	Friðpóra
1HV	Pórunn Einarsdóttir	totaeinars@gmail.com	Guðni
1HV	Helga Þórdís Gunnarsdóttir	betrabros@simnet.is	Arndís Björk
1RJ	Anna Bjarnadóttir	anna.bjarnadottir@gmail.com	Hrefna
1RJ	Sólbjörg Harðardóttir	solbjorg@hjalli.is	Elísabeth
1ÁS	Vala Guðný Guðnadóttir	vala@verslo.is	Ingimundur Orri
1ÁS	Erla Hrönn Randversdóttir	erlahronn@gmail.com	Katrín Elva
2EH	Hrönn Harðardóttir	hronnhardar@internet.is	Hilmar Snær
2EH	Lilja Karlsdóttir	liljak@hofsstadaskoli.is	Sóley Björk
2GG	Sigríður Kristbjörnsdóttir	sigridurkk03@ru.is	Soffía
2GG	Sigríður Guðlaugsdóttir	sigga2@mac.com	Andri
2GG	Hafdís Böðvarsdóttir	arnaldur@simnet.is	Valdís
2-ABR	Sigríður Guðlaugsdóttir	sigga2@mac.com	Berglind Egilsd.
2-ABR	Svana Steinsdóttir	svana.steinsdottir@icepharma.is	Breki
3RS	Ingólfur Einarsson	ingolfur@greining.is	Davíð Einar
3RS	Hildur Ragna Kristjánsdóttir	fagerstrand@msn.com	Óttar
3BS	Þorgeir Axelsson	thorgerda@visir.is	Elína Dís
3BS	Ingibjörg Sigfúsdóttir	isigfusdottir@hotmail.com	Kristofer Ingi
4GT	Guðrún Björk Gunnarsdóttir	gudrun@ferli.is	Davíð Bjarni
4GT	Ásgeir K. Ólafsson	asgeir@steinsmidjan.is	Hanna
4BÓ	Steinunn Bergmann	steinunn@bvs.is	Guðrún Mist
4BÓ	Guðrún Brynjólfssdóttir	gudrunb@mi.is	Jóel Ísak
4BÓ	Kristín Bjargey Gunnarsdóttir	kgb@landsbanki.is	Birta Líf
5HK	Stella Stefánsdóttir	sstefansdottir@ossur.com	Sara Líf
5HK	Dagný Þórgnýsdóttir	dagny.b.thorgnyisdottir@utn.stjr.is	Edda Rún
5GP	Steinunn Þ. Maríusdóttir	steinmari@simnet.is	Hekla
5GP	Inga Hrönn Hjörleifsdóttir	ingah@amadeus.is	Hrannar Ingi
5ÓHG	Katrín Einarsdóttir	katrins@lundabol.is	Íris Rós
5ÓHG	Ingibjörg Bárðardóttir	ib@simnet.is	Helga Hrund
6AMH	Agnes Smáradóttir	agnessma@landspitali.is	Guðmundur
6AMH	Ásgeir K. Ólafsson	asgeirkr@simnet.is	Unnur Andrea
6AMH	Kristbjörg Linda Cooper	kristbjorg@vb.is	Linda
6BV	Steinunn Bergmann	steinunn@bvs.is	Guðmundur H.
6BV	Þuríður E. Baldursdóttir	johannse@simnet.is	Arnar Páll
6BJ	Sigurður Örn Eiríksson	bbj@simnet.is	Marinella
6BJ	Eiríkur Einarsson	eirikure@simnet.is	Einar
7ÓP	Ástríður Stefánsdóttir	astef@khi.is	Stefán
7ÓP	Bryndís Scheving	bryndis@hraunvallaskoli.is	Haraldur
7ÓP	Lovísa Þórðardóttir	lovisa@norvik.is	Unnur Lára
7MG	Erna Ingólfssdóttir	ernai@icelandair.is	Tómas Þórður
7MG	Elísabet Tómasdóttir	elisabet.tomasdottir@icepharma.is	Tómas Þórir
7LK	Elín Thorarensen	ljosamyri@mitt.is	Unnar Bjarni
7LK	Kristín Bjargey Gunnarsdóttir	kgb@landsbanki.is	Daníel Andri
7LK	Helga Þórdís Gunnarsdóttir	betrabros@simnet.is	Brynjar

Grunnskólar Garðabæjar

Flataskóli

www.flataskoli.is

Titill	Nafn	Símanúmer/netfang
Skólastjóri	Sigurveig Sæmundsdóttir	sigurveig@flataskoli.is
Aðstoðarskólastjóri	Helga María Guðmundsdóttir	helgam@flataskoli.is
Formaður foreldrafélagsins	María Guðmundsdóttir	maria@gardabaer.is
Varaform. foreldrafélagsins		ff@flataskoli.is
Gjaldkeri foreldrafélagsins	Hrönn Petersen	
Formaður foreldraráðs		foreldrarad@flataskoli.is
Fulltrúi í svæðaráði		
Húsvörður/Umsj.m. húss	Yousef Sheikh Mohammad	yousef@flataskoli.is

Sjáländsskóli

www.sjalandsskoli.is

Titill	Nafn	Símanúmer/netfang
Skólastjóri	Helgi Grímsson	helgi@sjalandsskoli.is
Aðstoðarskólastjóri	Ólöf Sigurbjörg Sigurðardóttir	olofs@sjalandsskoli.is
Formaður foreldrafélagsins	Hrafnhildur Helgadóttir	hhelgadóttir@kpmg.is
Varaform. foreldrafélagsins	Sveinn Helgason	
Gjaldkeri foreldrafélagsins	Einar Páll Tamimi	
Formaður foreldraráðs	Guðmundur Guðnason	gudmundur@ruedenet.is
Fulltrúi í svæðaráði	Guðrún Kristjánsdóttir og Guðmundur Guðnason	
Húsvörður/Umsjónamaður	Sigurður Guðleifsson	sigu@sjalandsskoli.is

Garðaskóli

www.gardaskoli.is

Titill	Nafn	Símanúmer/netfang
Skólastjóri	Ragnar Gíslason	ragnar@gardaskoli.is
Aðstoðarskólastjóri	Þróstur Guðmundsson	throstur@gardaskoli.is
Formaður foreldrafélagsins	Þorsteinn Þorbergsson	thorsteinn.thorbergsson@landsbanki.is
Varaform. foreldrafélagsins		
Gjaldkeri foreldrafélagsins		
Formaður nemendaráðs	Eydís Lilja Eysteinsdóttir Ingibjörg Sörensdóttir	
Formaður foreldraráðs	Þórey Þórðardóttir	foreldrarad@gardaskoli.is
Fulltrúi í svæðaráði	Þorsteinn og Þórey	
Húsvörður	Ólafur Valgeir Guðjónsson	olafurg@gardaskoli.is

Félagsmiðstöð

gardalundur.is

Titill	Nafn	Símanúmer/netfang
Forstöðumaður	Gunnar Richardson	gunnar@gardaskoli.is
Aðstoðarforstöðumaður	Sigríður Ágústa Guðmundsdóttir	
Starfsmaður		

Upplýsingar um Garðabæ

gardabaer.is

Titill	Nafn	Símanúmer/netfang
Forstöðumaður fræðsluviðs	Margrét Björk Svavarsdóttir	margretsv@gardabaer.is
Deildastjóri skóladeildar	Oddný Eyjólfsdóttir	oddnye@gardabaer.is
Upplýsingastjóri	Guðfinna B. Kristjánsdóttir	gudfinna@gardabaer.is
Formaður skólanefndar	Páll Hilmarsson	
Varaformaður skólanefndar		
Formaður bæjarráðs	Erling Ásgeirsson	
Formaður Bæjarstjórnar	Erling Ásgeirsson	
Fulltrúi foreldra í skólanefnd	Guðmundur Guðnason	Sjáländsskóla
Bæjarstjóri	Gunnar Einarsson	gunnar@gardabaer.is

Viðaukar

Starfsreglur fyrir bekkjarfulltrúa

Í hverjum bekk eru kosnir tveir til þrjú bekkjarfulltrúar til tveggja ára. Í fyrsta bekk eru skipaðir einn til tveir fulltrúar til tveggja ára og einn fulltrúi til eins árs til að stuðla að því að allir hætti ekki á sama tíma.

- **Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra/fornáðamanna og nemenda** auk þess að leitast við að treysta samband heimila og skóla innan hvernar bekkjardeildar.
- **Bekkarfulltrúar eru tengiliðir foreldra við umsjónarkennara** og koma sjónarmiðum foreldra á framfæri þegar þess er þörf. Í samvinnu við kennara skipuleggja þeir í upphafi skólaárs almennan fund með foreldrum (á eftir námsefnisfundi) þar sem bekkjarstarf vetrarins er skipulagt og foreldrasamningar Heimilis og skóla ræddir.
- **Bekkarfulltrúar fylgjast með því að foreldrastarfið sem ákveðið er í bekknum sé framkvæmt**, t.d. bekkjarkvöld, umræðufundir og heimsóknir. Æskilegt er að skipta foreldrum bekkjarins í 2-5 manna hópa til að skipuleggja einstök verkefni vetrarins. Er þá eitt foreldri hópstjóri og tengiliður við bekkjarfulltrúa. Æskilegt er að eldri nemendur séu hafðir með í ráðum þegar bekkjarstarf vetrarins er skipulagt. Stefnit skal að því að halda a.m.k. þrjú uppákomur/skemmtanir á hverjum vetri.
- Bekkarfulltrúar ræða við umsjónarkennara um skólastarfið og gang mála í bekknum og **miðla upplýsingum til annarra foreldra** t.d. á fundum eða með dreifibréfum/tölvupósti í samvinnu við umsjónarkennara.
- **Bekkarfulltrúar eru tengiliðir bekkjarins við foreldraráð og foreldrafélag** og sitja í fulltrúaráði foreldrafélagsins sem fundar a.m.k. þrisvar á vetri.
- **Bekkarfulltrúar safna í bekkjarmöppu gögnum** um það sem gert hefur verið í foreldrastarfi í bekknum til dæmis myndum og öðru sem gaman er að eiga sem og ýmsum öðrum gögnum, t.d. frá skólanum, foreldrafélaginu og skólafirrvöldum. Bera ábyrgð á að mappa fylgi bekknum og fari eftir útskrift nemenda á skólabókasafnið.
- Bekkarfulltrúar reyna að **hlusta eftir sjónarmiðum nemenda** varðandi andann í bekknum, bekkjarstarfið og störf foreldra í bekknum.
- **Bekkarfulltrúar aðstoða kennara við að skipuleggja þátttöku foreldra í skólastarfinu** eftir því sem við á, t.d. í tengslum við vettvangsferðir, starfskynningar og heimsóknir foreldra í bekkinn.
- Bekkarfulltrúar kjósa eftirmenn sína að vori og **tilkynna breytingu til stjórnar**. Þeir miðla upplýsingum til nýrra bekkjarfulltrúa og afhenda bekkjarmöppu.
- Bekkarfulltrúar aðstoða stjórn foreldrafélagsins við **framkvæmd einstakra stærri viðburða** s.s. jólaföndur og vorhátíð.
- **Bekkarfulltrúar í 7. – 10. bekk bera ábyrgð á að manna foreldrarölt** þau kvöld sem bekknum er úthlutað. Æskilegt er að foreldrar skrái sig á röltvaktir vetrarins að hausti. Bekkarfulltrúar sjá til þess að minna fólk tímanlega á röltvaktir t.d. með SMS.
- Bekkarfulltrúar skulu gæta þess að hafa velferð nemenda, foreldra og kennara að leiðarljósi í bekkjarstarfinu og **virða trúnað um persónulega hagi** nemenda og foreldra.

Fulltrúaráðsfundur - Fundarboð

Fundurinn verður haldinn 7. september kl. 20-22

í stofu 120 á 1. hæð skólans

Dagskrá:

- Kynning á stjórn foreldrafélagsins
- Kynning á starfsáætlun foreldrafélagsins
- Kynning á hlutverki bekkjarfulltrúa
- Námsfni skýringarfundir ræddir
 - Farið yfir hlutverk bekkjarfulltrúa á þessum fundum og nauðsynlegan undirbúning
- Formaður foreldraráðs kynnir starfsemi þess og helstu verkefni vetrarins
- Umræða um upphaf skólaárs - hvernig fannst foreldrum til takast?
- Önnur mál

**Mikilvægt er að allir bekkjarfulltrúar mæti á fundinn
- ýmis nytsamleg gögn verða afhent á fundinum**

Léttar veitingar í boði foreldrafélagsins

Stjórn foreldrafélagsins
foreldrafelag@mararskoli.is

Bekkjardagskrá veturinn 2005-2006

Hér er gefið dæmi um bekkjardagskrá. Inn á dagskrána eru settir atburðir sem bekkjarfulltrúar hafa umsjón með (skáletrað), atburðir á vegum foreldrafélagsins sem allir eru hvattir til að taka þátt í og síðan ferðir sem farnar eru á vegum skólans á skólatíma. Eru foreldrar hvattir til þátttöku í slíkum ferðum.

Bekkjarfulltrúar leggja fram til samþykktar þessa dagskrá á námsefniskynningarfundum. Þeir óska eftir foreldrum til að hafa umsjón með hverjum atburði og skrá nöfn þeirra, símanúmer og netföng niður. Hentugt er að 2-5 foreldrar hafi umsjón með hverjum atburði. Dagskránni með nöfnum foreldra er síðan dreift til allra foreldra nokkrum dögum eftir fundinn. Dagskráin er einnig sett inn á bekkjarsíðuna í Mentor.

Þeir sem umsjón hafa með atburði láta bekkjarfulltrúa vita í tíma hvaða dagsetning hefur orðið fyrir valinu fyrir skemmtunina. Bekkjarfulltrúar ýta við viðkomandi foreldrum um að ákveða dagsetningu ef þörf krefur. Bekkjarfulltrúar og umsjónarkennari aðstoða foreldra við að auglýsa skemmtunina í töskupósti, tölvupósti og/eða Mentor. Þeir tiltaka einnig í auglýsingunni hverjir eiga að koma með drykki og hverjir með hollt að narta í ef bekkjarskemmtunin er haldin innan veggja skólans.

September:

Hjólaferð og hópleikir. Grill

Umsjónarmenn:

Fjörufurð (á vegum skólans)

Október:

Mjólkursamsalan (á vegum skólans)

Nóvember:

Spilakvöld

Umsjónarmenn:

Laufbrauðsgerð og vöflukaffi foreldrafélagsins

Janúar

Keila

Umsjónarmenn:

Febrúar:

Bekkjarkvöld. Leiksýning nemenda - kennari skipuleggur, bekkjarfulltrúar aðstoða

Skautuferð (á vegum skólans)

Mars:

Páskabingó

Umsjónarmenn:

Sjófiskasafn (á vegum skólans)

Apríl:

Húsdýragarðurinn (á vegum skólans)

Maí:

Vorferð í Miðdal (á vegum skólans)

Vorhátíð foreldrafélagsins

Sumarhátíð bekkjarins - Grill og leikir á útivistarsvæði. Umsjónarmenn:

Erindisbréf nefnda

Hér eru dæmi um erindisbréf tveggja nefnda er starfa á vegum foreldrafélagsins. Önnur þeirra starfar allan veturinn og sinnir mörgum verkefnum er falla undir hennar verksvið en hin nefndin kemur að einu ákveðnu verkefni. Nefndir geta verið margvíslegar og þarf foreldrafélagið að huga að því árlega hvaða nefndir eiga að starfa en fjöldi nefnda getur verið mismunandi milli ára.

Forvarnanefnd

Markmið forvarnanefndar er að stuðla að umræðu um forvarnarmál í skólanum og miðla upplýsingum til foreldra um mikilvægi forvarna og um það forvarnarstarf sem unnið er í skólanum.

Nefndin skal skipuð 6 foreldrum, 3 af miðstigi og 3 af unglíngastigi.

Nefndin fundar að lágmarki tvisvar á önn og oftast ef þurfa þykir. Í upphafi haustannar fundar nefndin með stjórn foreldrafélagsins. Nefndin starfar í nánu samstarfi við foreldrafélag skólans, skólastjórnendur, umsjónarmann félagsstarfs í skólanum sem og forvarnarfulltrúa bæjarins. Nefndin fylgist með framvindu foreldraröls og aðstoðar við framkvæmdahlið þess ef þörf krefur.

Nefndin skipar formann sem heldur utan um starfið og boðar fundi. Formaður gerir grein fyrir störfum nefndarinnar á aðalfundi foreldrafélagsins og skilar ársskýrslu til ritara foreldrafélagsins.

Vorhátíðarnefnd

Markmið vorhátíðarnefndar er að standa fyrir og skipuleggja vorhátíð skólans.

Nefndin skal skipuð 10 foreldrum, einu úr hverjum árgangi.

Nefndin skal skipuð að hausti en hún tekur til starfa í janúar. Nefndin heldur utan um öll gögn sem hún fær afhent um skipulag hátíðarinnar. Nefndin skal uppfæra ef þörf krefur tímaáætlun um hvenær sinna þarf ákveðnum verkþáttum þannig að þeir sem taka við næst geti gengið að ákveðnu verkferli. Nefndin tekur tillit til hefða sem skapast hafa við vorhátíðina við skipulagningu hennar.

Nefndin starfar í nánu samstarfi við foreldrafélagið og skólastjórnendur og fundar með þeim eins oft og þurfa þykir. Foreldrafélagið er nefndarmönnum innan handa við að útvega fólk til að starfa á vorhátíðinni en eitt af hlutverkum bekkjarfulltrúa er að aðstoða á vorhátíðinni.

Vinahópar

Markmið vinahópa er að styrkja tengsl nemenda í bekknum og stuðla að góðum bekkjaranda.

Um er að ræða hópastarf sem stuðlar að betri samskiptum innan bekkja og eykur félagsfærni nemenda. Vinahópar gefa börnunum tækifæri til að kynnst bekkjarfélögum sínum á öðrum vettvangi og foreldrum tækifæri til að kynnst bekkjarfélögum barnsins síns sem og foreldrum þeirra. Vinahópar hafa forvarnargildi þar sem þeir stuðla að jákvæðum samskiptum, umburðarlyndi eykst og sjóndeildarhringurinn víkkar. Einnig er bent á vinahópa sem leið til að vinna úr eineltismálum (www.grunnskolar.is/fraedslumidstodin.nsf/pages/einelti.html). Vinahópar ýta einnig undir félagslega samtryggingu foreldra sem skiptir miklu máli á unglingsárunum. Markmið með vinahópum er fyrst og fremst að skapa jákvæð samskipti innan nemendahópsins, en einnig að auka tilfinningu barnanna fyrir því að okkur foreldrum standi ekki á sama um félagslega velferð þeirra. Með því að koma á vinahópum snemma í grunnskóla er lagður grunnur að farsælum samskiptum barnanna á unglingsárunum þar sem öryggi þeirra og félagsleg samtrygging foreldra skiptir mjög miklu máli.

Foreldrar eru boðaðir á fund (einnig er hægt að taka þetta fyrir á námsefniskynningarfund), hugmyndin rædd og útskýrð og samþykki foreldra fengið.

Börnum er ráðað í fjögurra manna hópa í samráði við umsjónarkennara.

Bekkjjarfulltrúar afhenda foreldrum skema þar sem kemur fram hópaskipting sem og hvaða tímabil hvert barn hefur. Til dæmis ef um 2 mánaða tímabil er að ræða þá hefur hvert foreldri ákveðnar 2 vikur til að halda vinahóp. Foreldrar ráða hvað dag og klukkan hvað hópurinn hittist en á skemanu kemur fram hver á að hafa vinahópa og á hvaða tveggja vikna tímabili. Þeir foreldrar sem eiga að fá hóp til sín, hringja til þeirra barna sem eiga að koma til þeirra og staðfesta tíma.

Hugmyndin er að hafa hópana í einn og hálfan til tvo tíma í senn. Ekki er ætlast til að foreldrar hafi mikið fyrir börnunum, en sjái til þess að þau eigi ánægjulega stund saman. Ekki er gert ráð fyrir að vídeomyndir eða tölvuleikir verði á dagskrá og nauðsynlegt er að einhver fullorðinn sé alltaf með börnunum þegar þau hittast.

Eftir tvo mánuði eru nýir hópar myndaðir og leikurinn endurtekinn.

Hafa skal í huga að oft vilja einhverjir ekki eða geta ekki tekið þátt í verkefninu. Mikilvægt er að muna að oft eru það börn þessara foreldra sem þurfa mest á því að halda að vera með. Ekki láta þetta stoppa okkur og höldum áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Hvað á að gera þegar vinahópurinn hittist? Hér eru nokkrar hugmyndir, en látið hugmyndaflugið njóta sín.

- | | |
|---|----------------------------------|
| - Spjalla saman yfir kakóbolla og meðlæti | - Heimsækja vinnustað |
| - Sund | - Heimsækja skemmtileg leiksvæði |
| - Hjólaferð | - Baka |
| - Skautar | - Elda |
| - Fjöruferð | - Föndra |
| - Fara á safn/bókasafn | - Spila |
| - Gönguferð (t.d. með nesti) | - Fara í útileiki |

Hópaskipting í vinahópum:

Hópur 1

Nafn	Sími	Vika
Jón Ísak	555 1249	3.-10. október
Jónatan	599 9977	11. –18. október
Sigrún	589 5566	19. – 26. október
Guðrún	898 9999	27.okt. – 3. nóvember

Hópur 2

Nafn	Sími	Vika

Hópur 3

Nafn	Sími	Vika

Hópur 4

Nafn	Sími	Vika

Fundarboð

Aðalfundur Foreldrafélags Mararskóla
og foreldraráðs verður haldinn

Fimmtudaginn 23. maí 2006 kl. 20:00

á sal Mararskóla

Fundarstjóri: Friðfinnur Jónatansson

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf

I. Foreldrafélag:

1. Skýrsla foreldrafélags
2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
3. Félagsgjöld ákveðin
4. Stjórnarkjör

Stjórnarmenn sem sitja áfram:

Eftirfarandi hafa gefið kost á sér:

II. Foreldraráð:

1. Skýrsla um störf foreldraráðs
2. Kosning í foreldraráð

Stjórnarmenn sem sitja áfram:

Eftirfarandi hafa gefið kost á sér:

3. Önnur mál

III. Fyrirlestur: Netöryggi barna - SAFT

Verkefnastjóri hjá Heimili og skóla fjallar um netöryggi og hvað foreldrar geta gert til að auka öryggi barna sinna í samskiptum við netið og aðra nýlega miðla.

Forráðamenn látið þennan fyrirlestur ekki framhjá ykkur fara!

Kaffi og meðlæti í boði foreldrafélagsins

Stjórnin

Velkomin í Mararskóla

Kynningarfundur

sunnudaginn 21. ágúst 2005 kl. 16-18

Skólastjórnendur og Foreldrafélag Mararskóla bjóða forráðamönnum nýrra nemenda í 2.-10.bekk ásamt börnum þeirra á kynningarfund á samkomusal skólans.

Markmið fundarins er að gefa foreldrum og nemendum innsýn í skólann og hans nánasta umhverfi sem og tækifæri til að kynnast hvert öðru þannig að fyrstu skerfin í nýjum skóla verði auðveldari og ánægjulegri. Á fundinum verða nokkrir foreldrar og nemendur úr þeim bekkjum sem nýir nemendur munu setjast í.

Dagskrá:

- ❖ Kynning á félags - og íþróttastarfi í bænum
- ❖ Kaffi og veitingar
- ❖ Skipulögð samvera nemenda undir handleiðslu kennara
- ❖ Kynning fyrir foreldra á starfsemi skólans
- ❖ Kynning á foreldraráði og foreldrafélagi skólans
- ❖ Ratleikur um skólann

Við vonum að flestir sjái sér fært að koma

Þátttaka tilkynnist á mararskoli@mararskoli.is eða í síma 667 5757

Hlökkum til að sjá ykkur,
Skólastjórnendur og foreldrafélag Mararskóla

Mararskóli, Marargötu 1 - www.mararskoli.is

Velkomin í Mararskóla !

*Fundur með foreldrum nemenda sem fara í 1. bekk
18. ágúst 2005 kl. 18 - 19*

Stjórnendur og foreldrafélag Mararskóla boða til fundar með foreldrum nemenda í 1. bekk. Fundurinn verður haldinn á sal skólans fimmtudaginn 18. ágúst n.k. kl. 18:00-19:00.

Dagskrá:

- Farið yfir helstu atriði sem varða upphaf skólagöngu nemendanna
- Umsjónarkennarar afhenda boðanir í viðtöl sem verða mánudaginn 22. 8
- Kynning á foreldrafélagi og hlutverki bekkjarfulltrúa foreldrafélagsins
- Kosnir verða bekkjarfulltrúar fyrir hverja bekkjardeild

Mikilvægt er að allir foreldrar mæti á fundinn. Sé um forföll að ræða óskast þau tilkynnt á skrifstofu skólans í síma 667 5757.

Kennsla hefst þriðjudaginn 23. ágúst samkvæmt stundaskrá.

Hlökkum til að sjá ykkur,
Skólastjórnendur og foreldrafélag Mararskóla

Mararskóli, Marargötu 1 - www.mararskoli.is

Foreldraráð Hofstaðaskóla

Umsögn um skóladagatal fyrir skólaárið 2005-2006

1. Fékk foreldraráð nægan tíma til umsagnar um skóladagatalið?

Skóladagatali skal að jafnaði skilað til skólanefndar fyrir 15. mars ár hvert þar sem skóladagatal skal liggja frammi fyrir 15. apríl Foreldraráði þarf því að berast dagatalið til umsagnar fyrir febrúarfund sinn. Foreldraráði ber síðan að skila umsögn eigi síðar en á næsta sameiginlega fundi. Afrit af umsögn skal sent til skólasjóra.

Óviðunandi

Viðunandi

Í góðu lagi

Athugasemdir:

2. Er skóladagatalið skýrt fram sett t.d. með litakóðum og fylgja því skýringar?

Óviðunandi

Viðunandi

Í góðu lagi

Athugasemdir:

3. Er skólaárið á tímabilinu 15. ágúst til 15. júní?

Skólaárið skal ná yfir 9 mánuði skv. grunnskólalögum. Skv. kjarasamningi við kennara skal skólaárið vera innan tímabilsins 15. ágúst til 15. júní og skulu skóladagar (fjöldi daga sem nemendur eru í skólanum) vera 180. Af þeim eru 170 kennsludagar (sjá neðar). Þeir 10 dagar sem ekki eru kennsludagar nýtast til ýmissa hluta sem tengdir eru skólastarfinu eins og til foreldradaga, litlu jóla og þ.h. þar sem eiginleg kennsla fer ekki fram. Kennarar fá á þessu tímabili svokallaða skipulagsdaga sem dreifa má innan þess. Ef þannig stendur á lögbundnum fríum að á tímabilinu eru aukadagar má nota þá t.d. til vetrarfría eða til styttingar skólaárs.

Já

Nei, sjá athugasemdir

Athugasemdir:

4. *Eru kennsludagar að lágmarki 170 í öllum deildum?*

Skv. aðalnámskrá grunnskóla skulu vera að lágmarki 170 kennsludagar á ári. Til kennsludaga teljast óskertir prófdagar og þemadagar en ekki skipulagsdagar, foreldradagar, skólasetning, skólaslit, vetrarfrí, litlu jól, lögbundnir frídagar og skertir prófdagar eða dagar þar sem engin kennsla fer fram.

Já

Nei, sjá athugasemdir

Athugasemdir:

5. *Eru foreldradagar í öllum deildum á hvoru misseri?*

Mikilvægt er að foreldradagar séu á hvoru misseri og um miðbik þess svo hægt sé að taka mið af árangri fyrri hluta misseris og gera áætlanir fyrir seinni hluta þess.

Já

Nei, sjá athugasemdir

Athugasemdir:

6. *Eru athugasemdir um vetrarfrí?*

Skólanefnd hefur í kjölfar skoðanakönnunar meðal foreldra ákveðið að hafa vetrarfrí næstkomandi vetur þar sem mikill meirihluti foreldra var hlynntur vetrarfrí.

Nei

Já

Athugasemdir:

7. *Aðrar athugasemdir*

F.h. foreldraráðs Hofsstaðaskóla,
Jóna Jónsdóttir, Formaður

Samskiptaleiðir foreldra við skólann

Foreldrafulltrúar, vita foreldrar í ykkar skóla hvert á að leita!

Foreldrar og forráðamenn geta alltaf leitað til aðila innan skólans bæði til að fá upplýsingar sem og til að veita upplýsingar um sitt barn. Mikilvægt er að foreldrar hafi samband við skólann ef þeir hafa áhyggjur af einhverju varðandi barnið og eins ef foreldri hefur áhuga á að fá upplýsingar eða ræða um eitthvert tiltekið mál.

Gagnkvæm upplýsingamiðlum er nauðsynleg til að traust skapist á milli heimila og skóla. Mikilvægt er að foreldrar láti skóla vita af breyttum högum barns, veikindum í fjölskyldu þess eða hvað eina sem getur haft áhrif á líðan eða hegðun barnsins. Viti kennari um breyttar aðstæður barns á hann auðveldara með að mæta þörfum þess.

Ef foreldrar eru óánægðir með eitthvað í skólanum er mikilvægt að þeir fari í skólann og ræði málið. Gæta þarf vel að því að óánægja foreldra sé ekki rædd fyrir framan börnin þar sem það getur skapað hjá þeim vanlíðan, óöryggi eða neikvæðni í garð skólans. Einnig er gott að temja sér að hafa regluleg samskipti við umsjónarkennara og ræða meðal annars um það sem vel er gert.

Hvert á að leita?

Best er að byrja á að tala við **umsjónarkennara** eða viðkomandi **faggreinakennara** ef um ákveðna námsgrein er að ræða. Ef foreldrar eru enn ósáttir má ræða við **sérkennara** ef um námstengdan vanda er að ræða annars er hægt að tala við **deildarstjóra** ef slíkur stjórnandi starfar við skólann. Ef málið snýst um líðan barnsins í skólanum eða námsvanda má einnig leita til **námsráðgjafa** ef hann er fyrir hendi.

Ef foreldrar eru ósáttir við hvernig kennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi vinnur með málið þá geta foreldrar snúið sér til **aðstoðarskólastjóra** eða **skólastjóra**.

Skólastjóri sem og aðrir starfsmenn skólans geta vísað málinu til **nemendaverndarráðs** sem tekur þá ákvörðun um það í hvernig ferli málið skal fara og hvort eigi að vísa því áfram til **sálfræðings** skólans. Foreldrar geta einnig leitað beint til sálfræðingsins til að fá upplýsingar og ráðgjöf en æskilegt er að það sé gert í samráði við kennara.

Hafi verið leitað allra leiða innan skólans, án þess að niðurstaða hafi fengist að mati foreldra geta þeir leitað til grunnskólafulltrúa/fræðsluskrifstofu og síðan skólanefndar.

Í Reykjavík starfar sérstakur ráðgjafi um samskipti heimili og skóla sem sinnir ráðgjöf og tengslum milli foreldra og skóla.

Samskiptaleiðir:

Umsjónarkennari/faggreinakennari



Sérkennari/námsráðgjafi/deildarstjóri/sálfræðingur



Skólastjórnendur



Grunnskólafulltrúi/skólaskrifstofa/fræðsluskrifstofa



Skólanefnd/fræðslunefnd